



Manneskjusaga

Höfundur: Steinunn Ásmundsdóttir
Útgefandi: Björt 2018

Manneskjusaga er skáldævisaga sem höfundur byggir að nokkru á fjölskyldu sinni. Sagan segir sögu aðalpersónunnar, Bjargar, frá vöggu til grafar. Björg er ættleidd sem ungbarn og strax í upphafi fær lesandinn ákveðnar vísbendingar um að ekki sé allt með felldu með barnið. Hún er einhvern veginn ekki tengd við umhverfi sitt.

Þetta tengslaleysi heldur áfram eftir því sem ævi aðalpersónunnar vindur fram. Hún skilur ekki alveg hvernig hún á að standa undir kröfum umhverfisins og lífsins. Í uppvextinum stendur hún ekki undir sínu hlutverki sem barn í fyrirmyndarfjölskyldu. En við fáum ekki skýringar á því hvers vegna eða hvernig í því liggur. Að því leyti er sagan mikið til sögð frá sjónarhorni aðalpersónunnar. Hún nær ekki tengslum við umhverfið eða kröfur þess en skilur ekki sjálf hvernig í þessu liggur. Og það er kannski lyklatríði í sögunni. Hún ætlar sér alls ekki að vera upp á kant eða öðruvísi. Hún sér umhverfið og lífið á talsvert annan hátt en flestir í kringum hana. En enginn skilur í hverju munurinn liggur, hvorki hún né fólkíð í kringum hana. Í leit að sjálfri sér lendir hún austur á land til blóðföður síns. Hann beitir hana öllu ofbeldi sem hægt er að hugsa sér, en þrátt fyrir það fer hún til hans aftur síðar á ævinni.

Strax á unglingsaldri er hún orðin hálfgerð „vandamál“. Í fjarveru raunverulegra tengsla reynir hún með ýmsum veraldlegum aðferðum að láta öðru fólk líka vel við sig, til dæmis með gjöfum og kynlífi. Léttir fjölskyldunnar er því næstum áþreifanlegur þegar hún giftir sig og flytur vestur á firði.

Sagan er sögð í þriðju persónu en stundum sjáum við í hug persónanna. Sagan af hinum sára

veruleika manneskju sem ekki nær tengslum eða skilningi við umhverfi sitt er þannig sögð án þess að höfundur sé mjög mikið að túlka aðstæður. Þetta heppnast höfundi mjög vel. Lesandi getur dregið sínar eigin ályktanir og við fáum aðeins vísbendingar um í hverju hið gegnumgangandi skilningsleysi á milli aðalpersónunnar og samfélagsins liggur. Það er helst þegar við heyrum, í gegnum aðalpersónu, hvaða athugasemdir félagsmálayfirvöld hafa gert, þegar þau skoða aðbúnað barna hennar. En um leið sjáum við vanmátt aðalpersónunnar til að skilja hvernig hún á að leysa málin. Björg endar líf sitt sem útigangskona og deyr fyrir aldur fram.

Saga Bjargar vísar út fyrir sig á margan hátt. Hún færir lesandanum ákveðinn skilning, án þess að verið sé að greina eða útskýra ástæður þess að þessi manneskja nær aldrei fótfestu í lífinu. Í raun og veru er hún saga mjög margra sem eru allt í kringum okkur í samfélaginu. Fólkíð sem við skiljum ekkert í. Þeir sem aldrei geta einhvern veginn verið eins og við, virðulegir broddborgarar, viljum hafa þá. Allir sem ekki geta bara skilið hvernig samfélagið virkar og hagað sér samkvæmt því. Manneskjurnar sem trufla okkur. Ekki síst með því að minna okkur stöðugt á að samfélagið er ekki fyrir alla. Það er bara fyrir þá sem skilja reglurnar og geta fylgt þeim. Meðfæddir taugagallar, áföll og fíknivandi er kannski eitthvað sem við skiljum ekki vel, og viljum ekki þurfa að skilja.

En manneskjurnar eru allskonar. Manneskjan Björg gat kannski aldrei samlagast þeim tíðaranda sem hún fæddist inn í. Og enn í dag sjáum við að stór hópur fólks í samfélaginu lendir utanveltu snemma. Gagnkvæmt skilningsleysi er enn ríkjandi á milli þeirra sem eru utangarðs, af einum eða öðrum ástæðum, samfélagsins og kerfisins.

Manneskjusaga opnar augu lesandans á nýjan hátt fyrir innri veruleika fólks í þessum hópi. Samt án þess að hræða eða gera úr því einhvers konar hryllingssögu, sem algengt er þegar kemur að umfjöllun um manneskjur sem lifa við félagslega erfiðleika. Líf Bjargar er í rauninni „venjulegt“, fyrir hana. Hún á sínar góðu stundir, þó oftar en ekki séu erfiðleikar. Saga Bjargar er heldur ekki víti til varnaðar. Það er engin predikun í þessari bók, hvorki gagnvart henni né umhverfinu. Þarna er gagnkvæmt skilningsleysi. En allar persónur sögunnar mæta skilningi höfundar. Það er ekki verið að leita að sökudólgum. Heldur varpa nýju ljósi á söguna eins og hún gerðist og um leið á sögu margra annarra.

Það tekst vel. Sem er vel af sér vikið á 158 blaðsíðum.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir